



Fundargerð.

383. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps, aukafundur
Miðvikudaginn 15. júlí 2015, kl. 14.00.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Karl Kristjánsson (KK) oddviti, Vilberg Þráinsson (VP) og Sandra Rún Björnsdóttir (SRB). Jóhanna Ösp Einarsdóttir (JÖE) og Rebekka Eiríksdóttir (RE) í forföllum Ágústs Más Gröndal (ÁMG) og Áslaugar Bertu Guttormsdóttur (ÁBG). Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir (IBE) sveitarstjóri og ritaði fundargerð og Jóhann Þórðarson endurskoðandi var í síma undir fyrsta lið á dagskrá.

Fundargerð rituð í tölvu og er tvær blaðsíður

Oddviti bauð fólk velkomið og óskaði eftir öðrum málum á dagskrá, ekkert mál barst, þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Fundargerðir

1. Skipulags- húsnæðis- og hafnarnefnd 15. júlí 2015.

Fundargerðin lögð fram.

- 1.1. 1504021 – Ársreikningur Reykhólahrepps, Hafnarsjóður og leiguíbúðir, nefndin leggur til að sveitarstjórn samþykki ársreikninga Hafnarsjóðs og Leiguíbúða árið 2014.

Sveitarstjórn samþykkir ársreikninga Hafnarsjóðs og Leiguíbúða samhljóða.

Fundargerðin samþykkt í heild sinni.

2. Stjórn Barmahlíðar 15. júlí 2015.

Fundargerðin lögð fram.

- 2.1. 1504021 – Ársreikningur Reykhólahrepps, Barmahlíð, stjórnin leggur til að sveitarstjórn samþykki ársreikning Barmahlíðar árið 2014.

Sveitarstjórn samþykkir ársreikning Barmahlíðar samhljóða.

Fundargerðin samþykkt í heild sinni.

Mál til afgreiðslu

1. 1504021 – Ársreikningur Reykhólahrepps 2015.

Síðari umræða.

Jóhann Þórðarson endurskoðandi fór yfir endurskoðunarskýrslu vegna ársins 2014. Sveitarstjórn þakkar Jóhanni greinargóða yfirferð. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við endurskoðunarskýrsluna.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps samþykkir ársreikning sveitarfélagsins samhljóða með áritun sinni, einnig áritar sveitarstjórn sérstaklega ársreikning Reykhólaveitu. Samþykkt hljóða.

Önnur mál (ef einhver): Löglega upp borin.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 15:50

_____	_____
_____	_____
_____	_____